



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 11. október 2021
VEL2021060008

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga varðandi nýjar reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga

Á fundi velferðarráðs þann 6. október sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga. Enginn kostnaðarauki fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga voru gerðar viðtækar breytingar á hugtökum og því er nauðsynlegt að setja nýjar reglur um beingreiðslusamninga til samræmis við þær breytingar. Þá eru gerðar breytingar á mati á stuðningsþörf samkvæmt nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Horfið verður frá því að stuðningsþörf sé metin á grundvelli stiga sem ákvarða ákveðinn fjölda klukkustunda sem umsækjandi á rétt á að fá. Ný nálgun, sem snýst um hvað einstaklingurinn telur sig þurfa, er talin geta mætt stuðningsþörfum umsækjenda betur og veitt meiri sveigjanleika.

Samþykkt velferðarráðs er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu reglnanna í B-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga lögð fyrir fund velferðarráðs 6. október 2021.

Reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga.

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. október 2021, um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga.

Jafnréttisskimun.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga. Enginn kostnaðarauki fylgir tillögunni.

Greinargerð:

Lögð eru fram drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga.

Í meðfylgjandi drögum að reglum um beingreiðslusamninga er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Enginn kostnaðarauki fylgir tillögunni og rúmast því kostnaður innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga, dags. 6. október 2021.
2. Drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga.
3. Jafnréttisskimun.



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga.*

I. Inngangur

Í ljósi þess að fyrirhugað er að nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu taki gildi þann 1. febrúar 2022 er nauðsynlegt að setja einnig nýjar reglur um beingreiðslusamninga. Núgildandi reglur um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík tóku gildi þann 1. október 2015. Með hliðsjón af þeim breytingum sem urðu með gildistöku laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 þann 1. október 2018, er nú unnt að gera slíka samninga á grundvelli beggja laga, sbr. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

II. Greinargerð

Beingreiðslusamningur er samningur við sveitarfélag sem felur í sér að notandi stjórnar þeirri aðstoð sem hann fær þannig að hann skipuleggur hana, ákveður hvenær og hvar hún er veitt og velur aðstoðarfólk, sbr. 5. tl. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 en þar kemur eftirfarandi fram:

***Notendasamningar:** Samningur við sveitarfélag sem felur í sér að notandi stjórnar þeirri aðstoð sem hann fær þannig að hann skipuleggur hana, ákveður hvenær og hvar hún er veitt og velur aðstoðarfólk. Notendasamningar geta verið í formi beingreiðslusamnings, þar sem notandi sér alfarið um starfsmannahald sjálfur, notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar eða þjónustufyrirkomulags þar sem notandi stýrir sjálfur þjónustu við sig þó að þeir sem aðstoði hann séu starfsmenn sveitarfélags.*

Sambærilegt ákvæði er að finna í 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nýjar reglur um beingreiðslusamninga munu gilda bæði um stuðningsþjónustu og stoðþjónustu.

Markmið beingreiðslusamninga er að auka val einstaklinga um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings eða aðstoðar, að undangengnu faglegu mati, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 1. mgr. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þær reglur sem taka munu við af núgildandi reglum um beingreiðslusamninga munu bera heitið *reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga*.

Í upphafi ársins 2021 var 51 beingreiðslusamningur í gildi milli Reykjavíkurborgar og einstaklinga sem þurfa á stuðningi að halda og fá hann í formi beingreiðslusamnings.

Samkvæmt núgildandi reglum um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík er unnt að gera beingreiðslusamning vegna félagslegrar heimaþjónustu, liðveislu og frekari liðveislu. Skilyrði fyrir gerð beingreiðslusamnings er að faglegt mat sé að stuðningur í formi beingreiðslusamnings sé hentug leið til að mæta metinni stuðningsþörf. Þá eru þeir í forgangi sem eru með sérstakar þarfir sem eru þess eðlis að velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur ekki veitt viðkomandi nauðsynlega þjónustu með viðunandi hætti, s.s. þegar þjónusta er mjög sérhæfð, veitt utan hefðbundins vinnutíma eða í stuttan tíma í senn.

Með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga voru gerðar víðtækar breytingar á hugtökum og því er nauðsynlegt að setja nýjar reglur til samræmis við þær breytingar. Þá eru gerðar breytingar á mati á stuðningsþörf samkvæmt nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Horfið verður frá því að stuðningsþörf sé metin á grundvelli stiga sem ákvarða ákveðinn fjölda klukkustunda sem umsækjandi á rétt á að fá. Ný nálgun er talin geta mætt stuðningsþörfum umsækjenda betur og veitt meiri sveigjanleika. Framangreindar breytingar leiða til þess að nauðsynlegt er að nýjar reglur um beingreiðslusamninga taki gildi samhliða reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Lagt er til að þeir umsækjendur sem metnir eru í forgangi fyrir stuðning í formi beingreiðslusamnings séu þeir sem eru með sérstakar þarfir og sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur ekki veitt nauðsynlega þjónustu með viðunandi hætti, svo sem þegar þjónusta er mjög sérhæfð, veitt utan hefðbundins vinnutíma eða í stuttan tíma í senn. Þá þarf einnig að liggja fyrir faglegt mat um að þjónusta veitt samkvæmt beingreiðslusamningi sé hentugt form til að mæta þjónustupörfum viðkomandi. Er það í samræmi við ákvæði í núgildandi reglum um beingreiðslusamninga. Þá er að finna skilyrði fyrir gerð beingreiðslusamnings í 9. gr. í drögum að reglum um beingreiðslusamninga.

Í drögum að nýjum reglum um beingreiðslusamninga eru gerðar breytingar á veittum tímafjölda. Í eldri reglum var heimilt að gera beingreiðslusamninga að hámarki um þjónustu í 392 klst. á mánuði. Var þá um að ræða þjónustu í formi félagslegrar heimaþjónustu, liðveislu og frekari liðveislu. Lagt er til að breytingar verði gerðar á veittum tímafjölda á þann hátt að heimilt verði að gera beingreiðslusamninga um allt að 248 klst. á mánuði. Annars vegar er um að ræða stuðning í formi stuðningsþjónustu, að lágmarki 40 klst. á mánuði og að hámarki 60 klst. og hins vegar er um að ræða viðbótarstuðning í formi stoðþjónustu, að hámarki 188 klst. á mánuði. Samanlagður fjöldi klukkustunda metins stuðnings sem veittur er sem stuðningsþjónusta og stoðþjónusta getur því numið að hámarki 248 klst. á mánuði (8 klst. á dag x 31 dagar = 248 klst.).

III. Kostnaðarmat

Enginn kostnaðarauki fylgir tillögu um gildistöku nýrra reglna um beingreiðslusamninga.

Núgildandi beingreiðslusamningum er skipt upp í þrjá liði, stuðningsþjónustu, heimaþjónustu og frekari liðveislu.

Í meðfylgjandi töflu má sjá áætlaða skiptingu á milli þjónustubátta á árinu 2021.

Beingreiðslusamningar 2021 - áætlun

Tegund þjónustu	Fjárhæð
Stuðningsþjónusta	111.746.351
Heimaþjónusta	116.244.339
Frekari liðveisla	110.266.791
	338.257.481

IV. Kynning fyrir hagsmunaaðila

Drög að reglum Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga voru kynnt fulltrúum hagsmunasamtaka á fundi fimmtudaginn 30. september 2021.

V. Gildistaka

Nauðsynlegt er að reglur um beingreiðslusamninga taki gildi þann 1. febrúar 2022, samhliða nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2. gr. Markmið og inntak beingreiðslusamninga

Markmið beingreiðslusamninga er að auka val einstaklinga á formi og fyrirkomulagi aðstoðar að undangengnu faglegu mati.

Stuðningsþörf umsækjanda er metin á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar. Umsækjandi stýrir fyrirkomulagi stuðnings og hvenær tíma dagsins hann fer fram í samræmi við undangengið mat á stuðningsþörf. Umsækjandi skal gæta að lágmarksréttindum aðstoðarfólks í starfi þeirra. Ef umsækjandi notast við óhefðbundnar tjáskiptaleiðir skal hann hafa að lágmarki einn aðstoðarmann sem aðstoðar hann við samskipti vegna stuðnings sem veittur er á grundvelli beingreiðslusamnings samkvæmt reglum þessum.

II. kafli Umsókn um þjónustu í formi beingreiðslusamnings Mat á þörf á stuðningi og tímafjölda

3. gr. Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf umsækjanda fer fram á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu, reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu, eftir því sem við á. Heildarfjöldi klukkustunda stuðnings er ákvarðaður á grundvelli mats á stuðningsþörf. Fjárhæð sem greidd er vegna beingreiðslusamninga er reiknuð samkvæmt þeim kostnaðarforsendum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem liggja að baki þjónustu sem annars væri veitt af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Stuðningsþættir samkvæmt beingreiðslusamningi

Unnt er að gera beingreiðslusamning um eftirfarandi þjónustupætti:

- a) Stuðningsþjónustu, sbr. 25.- 27. gr. og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að lágmarki 40 klst. á mánuði og að hámarki 60 klst. á mánuði.
- b) Stoðþjónustu, sbr. 1.-3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, að hámarki 188 klst. á mánuði.

Samanlagður fjöldi klukkustunda metins stuðnings sem veittur er sem stuðningsþjónusta annars vegar og stoðþjónusta hins vegar getur numið að hámarki 248 klst. á mánuði.

Eigi er heimilt að gera beingreiðslusamninga um eftirfarandi þjónustupætti:

- a) Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta, sbr. 24. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- b) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- c) Akstursþjónusta, sbr. 29. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- d) Heimahjúkrun, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.
- e) Almenn og sérhæfð dagdvöl fyrir aldraða, sbr. 3. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
- f) Barnaverndarúrræði, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002.
- g) Stuðningsfjölskyldu, sbr. 15. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- h) Næturþjónusta, sbr. 2. mgr. 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

5. gr.

Fjöldi greiddra stuðningstíma samkvæmt beingreiðslusamningi

Fjármagn sem unnt er að veita á grundvelli beingreiðslusamnings byggist á metinni stuðningsþörf samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu, reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

6. gr.

Afgreiðsla umsókna

Umsóknir um beingreiðslusamninga eru afgreiddar af starfsfólki velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Ákvörðun um að veita þjónustu í formi beingreiðslusamnings skal taka á grundvelli faglegs mats á stuðningsþörf ásamt því sem öll skilyrði III. kafla reglna þessara verða að vera uppfyllt.

III. kafli

Skilyrði fyrir því að eiga rétt á stuðningi í formi beingreiðslusamnings

7. gr.

Grundvöllur beingreiðslusamnings og forgangur til stuðnings

Beingreiðslusamningur er gerður á grundvelli faglegs mats á stuðningsþörf, sbr. 7. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu, 5. gr. reglna um Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og sbr. 6. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Þeir umsækjendur sem metnir eru í forgangi fyrir stuðning í formi beingreiðslusamnings eru þeir sem eru með sérstakar þarfir og sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur ekki veitt nauðsynlega þjónustu með viðunandi hætti, svo sem þegar þjónusta er mjög sérhæfð, veitt utan hefðbundins vinnutíma eða í stuttan tíma í senn. Þá þarf einnig að liggja fyrir faglegt mat um að þjónusta veitt samkvæmt beingreiðslusamningi sé hentugt form til að mæta þjónustubörfum viðkomandi, sbr. 1. gr. í reglum þessum.

Ekki er heimilt að veita að auki sama stuðning til að mæta sömu þörfum notanda frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar og samið er um í beingreiðslusamningi.

8. gr.

Skilyrði fyrir gerð beingreiðslusamnings

Grundvallarskilyrði fyrir gerð og gildistöku beingreiðslusamnings er að veiting þjónustu sem notandi á rétt á samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, falli niður af hálfu Reykjavíkurborgar, enda fær umsækjandi í staðinn greidda ákveðna fjárhæð samkvæmt beingreiðslusamningi sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á metnum stuðningi, sbr. 2.-4. gr. í reglum þessum. Útfærsla stuðnings í formi beingreiðslusamnings er ávallt háð fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Til þess að umsækjandi eigi rétt á stuðningi í formi beingreiðslusamnings verður hann að uppfylla öll skilyrði 8. gr. í reglum þessum um grundvöll beingreiðslusamnings og forgang til stuðnings í formi beingreiðslusamnings, ásamt öllum eftirfarandi skilyrðum:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
2. Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri. Foreldrar/forsjáraðilar fatlaðra barna sem uppfylla neðangreind skilyrði geta jafnframt sótt um stuðning í formi notendsamnings fyrir hönd barna sinna.
3. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu en ekki í sértæku húsnæðisúrræði sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar úthlutar og þar sem veittur er samræmdur stuðningur. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningi í formi beingreiðslusamnings.
4. Umsækjandi sem á rétt á stuðningi samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu skal þurfa daglega aðstoð sem nemur að lágmarki 40 klst. og að

hámarki 60 klst. á mánuði, sbr. faglegt mat á stuðningsþörf umsækjanda samkvæmt 3. gr. í reglum þessum. Umsækjandi sem á rétt á aukinni þjónustu samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skal þurfa daglegan stuðning að lágmarki 40 klst. á mánuði og að hámarki 248 klst. á mánuði, sbr. faglegt mat á stuðningsþörf umsækjanda samkvæmt 3. gr. í reglum þessum. Ekki er um að ræða næturþjónustu.

5. Umsækjandi skal vera með viðvarandi og umfangsmikla stuðningsþörf sem metin er samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu, reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Einungis fatlaðir einstaklingar í skilningi laga, sbr. 1. og 2. tl. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 eiga rétt á stoðþjónustu í formi beingreiðslusamnings.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að líta til þess hvort umsækjandi eða foreldrar/forsjáraðilar fatlaðs barns séu á vanskilaskrá við afgreiðslu umsóknar um stuðning í formi beingreiðslusamnings.

9. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um stuðning í formi beingreiðslusamnings skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði sem unnt er að nálgast hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að sækja um stuðning í formi beingreiðslusamnings fyrir sína hönd.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a) Upplýst sjálfsmat umsækjanda.
- b) Örorkumat eða umönnunarmat.
- c) Viðurkenndar og samræmdar matsaðferðir, s.s. SIS og RAI.¹
- d) Staðfesting á fötlun, s.s. fullægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Greiningarstöð ríkisins.
- e) Yfirlit tollstjóra yfir greiðslustöðu opinberra gjalda.
- f) Upplýsingar úr vanskilaskrá.

10. gr.

Greiðslur vegna beingreiðslusamnings

Greiðslur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar til umsækjanda hefjast við gildistöku beingreiðslusamnings. Greiðslur skal greiða fyrir fram fyrir einn mánuð í senn.

¹ Support Intensity Scale (SIS) og Inter Resident Assessment Instrument-Home Care (RAI).

Notandi greiðir kostnað sem fellur til vegna beingreiðslusamnings auk þess sem hann skal taka á sig þær skyldur sem uppfylla þarf varðandi umsýslu beingreiðslusamnings. Óheimilt er að reikna umsýslukostnað inn í samningsfjárhæð beingreiðslusamnings.

11. gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns

Greidd fjárhæð vegna hvernar klukkustundar í metnum stuðningi er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Notandi ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagni samkvæmt beingreiðslusamningi í samræmi við mat á stuðningsþörf. Notandi skal leggja fram öll nauðsynleg gögn til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þar að lúandi, sbr. 16. gr. í reglum þessum.

Notanda er skylt að ráðstafa hverri mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Notanda er þó heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda milli mánaða innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum stuðningsþörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að einni mánaðargreiðslu samkvæmt beingreiðslusamningi skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar óska eftir viðhlítandi skýringum á slíkri uppsöfnun. Ef fullnægjandi skýringar verða ekki veittar af hálfu notanda er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að endurkrefja notanda um fjárhæðina. Notanda er skylt að skila afgangsfjármagni til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í lok hvers almanaksárs. Heimilt er að lækka greiðslur næstu mánaða sem nemur þeirri fjárhæð sem notandi verður endurkrafinn um.

Skil á fé og gögnum til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er forsenda fyrir því að til endurnýjunar samnings geti komið.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þann stuðning sem fjármagn er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf þó að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann þegar að hafa stofnað til í tengslum við stuðninginn.

12. gr.

Gildistími beingreiðslusamnings

Í fyrsta sinn sem beingreiðslusamningur er gerður skal gildistími hans vera þrjú mánuðir. Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn.

IV. kafli

Framkvæmd beingreiðslusamninga

13. gr.

Form og gerð beingreiðslusamnings

Notast ber við staðlað samningsform.

Ef notandi er ólögráða gerir lögráðamaður/foreldri/forsjáraðili hans samning við velferðarsvið Reykjavíkurborgar fyrir hans hönd. Skal sá aðili annast alla umsýslu fyrir hönd notanda.

14. gr.

Aðstoðarfólk

Notandi skal annast leit, ráðningu og umsýslu vegna aðstoðarfólks.

Að jafnaði er notanda eigi heimilt að velja sér aðstoðarmann sem er maki, sambýlismaður/sambýliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda. Í undantekningartilvikum er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að leyfa slíkt fyrirkomulag að sannanlegri ósk notanda en þá skal kveðið á um aukið eftirlit af hálfu velferðarsviðs í beingreiðslusamningi. Þó er heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar um fötluð börn er að ræða. Í slíkum tilvikum skal þó tryggt að tekið sé tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

Notandi skal gera samning við aðstoðarfólk sitt þar sem m.a. er kveðið á um réttindi og skyldur aðstoðarfólks, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

15. gr.

Skilyrði fyrir ráðningu aðstoðarfólks

Aðstoðarfólk skal skila inn sakavottorði að beiðni notanda.

Notanda er óheimilt að ráða aðstoðarfólk til þess að sinna þjónustu við sig ef viðkomandi hefur hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi viðkomandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða laga um ávana- og fíkniefni skal ráðgjafi í samráði við notanda meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

16. gr.

Eftirlit með beingreiðslusamningum og upplýsingaskylda

Stöðumat skal fara fram innan þriggja mánaða frá upphafi gildistíma beingreiðslusamnings þar sem kannað er hvernig beingreiðslusamningur nýtist notanda og hversu vel markmið samnings hafa náðst. Starfsmaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar annast matið í samráði við notanda.

Notandi skal skila velferðarsviði Reykjavíkurborgar skýrslu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti um fjölda vinnustunda samkvæmt samningi sem hann hefur notað. Þá skal notandi leggja fram öll nauðsynleg gögn þar að lútandi, s.s. samninga við aðstoðarfólk, afrit greiddra reikninga og önnur gögn sem máli kunna að skipta í samræmi við beiðni starfsmanns velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Eftir hvert almanaksár er notanda skylt að veita velferðarsviði Reykjavíkurborgar upplýsingar um samninga, tímaskrár og vinnuáætlanir sem tengjast beingreiðslusamningi notanda. Nota ber staðlað yfirlitsblað yfir nýtingu fjármagns og framkvæmd þjónustu, sem staðfest hefur verið af

aðstoðarfólki notanda. Auk þess ber notanda að leggja fram reikninga og staðfestingu á greiðslu til aðstoðarfólks. Notandi skal einnig afhenda öll gögn sem kveðið er á um í 2. mgr. þessa ákvæðis auk skattframtals. Þá er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að kalla eftir fyrrgreindum upplýsingum oftár ef þörf er á.

Endurmat á stuðningsþörf notanda skal framkvæmt við endurnýjun samnings til lengri tíma en þriggja mánaða, ef þörf er á.

Notandi skal tilkynna velferðarsviði Reykjavíkurborgar tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem geta haft áhrif á framkvæmd beingreiðslusamnings, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um flutning lögheimilis.

Breytingar á aðstæðum notanda sem áhrif hafa á þarfir hans fyrir stuðning geta leitt til endurmats á stuðningsþörf samkvæmt samningi.

V. kafli

Vanefndir og uppsögn samnings

17. gr.

Uppsögn beingreiðslusamnings

Umsýsla vegna beingreiðslusamninga skal fara í öllu að gildandi lögum, reglugerðum, opinberum fyrirmælum sem við eiga sem og almennum reglum vinnuréttar eftir því sem við á.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er einn mánuður og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með skriflegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

18. gr.

Vanefndir og riftun beingreiðslusamnings

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur krafist þess að notandi bæti úr vanefndum á samningi á eigin kostnað.

Meinta vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að gefa skýringar eða bæta úr innan hæfilegs frests.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilgreinir, getur það krafist þess að notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

Verði uppi ágreiningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og notanda skal leitast við að jafna þann ágreining.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift samningi fyrirvaralaust.

19. gr.

Viðbrögð vegna riftunar

Í þeim tilvikum sem samningi er rift stöðvast greiðslur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar til notanda á grundvelli beingreiðslusamnings þegar í stað.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja notanda um endurgreiðslu fjár, í heild eða að hluta, sem honum hefur verið úthlutað samkvæmt beingreiðslusamningi ef sýnt er fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Féð hefur að hluta til eða í heild ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Ákvæðum beingreiðslusamnings hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem beingreiðslusamningi er rift ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að tryggja að ekki verði rof á þjónustu við notanda og að lok samnings valdi notanda eins lítilli röskun og óþægindum og mögulegt er.

VI. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

20. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að einstaklingur geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

21. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst. Sama á við ef þjónustumiðstöð berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

22. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

23. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðnings í formi beingreiðslusamnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang stuðnings.

Ef umsókn um beingreiðslusamning hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

24. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

25. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur borgarinnar.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu borgarinnar.

26. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

27.gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

28. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um stuðning í formi beingreiðslusamnings svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvæða í reglum þessum og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

29. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Um áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Stuðningur í formi beingreiðslusamnings getur þó hafist á grundvelli ákvörðunar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þó að mál sé til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

30. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

31. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 2022. Jafnframt falla úr gildi eldri reglur um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík.

Bráðabirgðaákvæði I

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 24 mánuði eftir gildistöku reglna þessara, eða þar til ákvörðun liggur fyrir. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðning.

Bráðabirgðaákvæði II

Beingreiðslusamningar sem tóku gildi í gildistíð reglna um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna halda gildi sínu.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	29.09.2021
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Aðalbjörgu Traustadóttur og Berglinni Magnúsdóttur
Verkefni/tillaga:	Tillaga að reglum um beingreiðslusamninga
Þjónustubáttur:	Stuðningsþjónusta og stoðþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Enginn kostnaðarauki fylgir tillögu um gildistöku nýrra reglna um beingreiðslusamninga.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmiðið með nýjum Reglum Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga er að aðlaga reglur Reykjavíkurborgar að breytingar á lögum félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, og nýjum lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan snýr að einstaklingum sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna fötlunar, skertrar getu eða veikinda óháð kyni og aldri. Reglurnar lúta að öllum sem þurfa á stuðningsþjónustu að halda, hvort sem um er að ræða fatlað fólk eða ófatlaða. Fatlað fólk á einnig rétt á að fá stoðþjónustu metna inn í beingreiðslusamninga.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar, skertrar getu eða veikinda.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Breytingarnar snerta bæði einstaklinga og fjölskyldur og öll kyn.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei, ekki að svo stöddu.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.